

**2001 nr. 88 31. maí****Lög um erfðaeftisskrá lögreglu**

Tóku gildi 15. júní 2001. Breytt með l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 90/2018 (tóku gildi 15. júlí 2018; *EES-samningurinn*: XI. viðauki reglugerð 2016/679).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Ríkislögreglustjóri skal halda rafræna skrá með upplýsingum um erfðaeftni einstaklinga og nefnist hún erfðaeftnis-skrá lögreglu. Tilgangur skrárinnar er að lögregla geti nýtt hana við rannsókn sakamála og til að bera kennsl á ákveðna menn.

□ Ríkislögreglustjóri annast skráningu í erfðaeftnis-skrána og ber ábyrgð á skránni. Hann skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga um persónuvernd og [vinnslu]<sup>1)</sup> persónuupplýsinga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra um öryggis-mat, öryggisráðstafanir og innra eftirlit.

<sup>1)</sup> L. 90/2018, 54. gr.

**■ 2. gr.**

□ Erfðaeftnis-skrá skiptist í:

a. *kennslaskrá*, með upplýsingum um erfðagerð einstaklinga sem um getur í 4. gr., og

b. *sporaskrá*, með upplýsingum um erfðaeftni sem fundist hafa á brotavettvangi, eða á mönnum eða munum sem ætlað er að tengist broti, án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa.

**■ 3. gr.**

□ Í erfðaeftnis-skrá skal eingöngu færa upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og erfðagerð einstaklings ásamt vísun til dóms eða málsnúmers óupplýsts sakamáls.

□ Þegar erfðaeftnisupplýsingar hafa verið unnar úr fyrirliggjandi líffýni skal eyða sýninu.

**■ 4. gr.**

□ Í kennslaskrá má skrá upplýsingar um erfðagerð þeirra sem:

a. hlotið hafa refsíðing fyrir brot á ákvæðum X. kafla, XI. kafla, 108. gr., 164.–166. gr., 170.–171. gr., 194.–196. gr., 1. og 2. mgr. 200. gr., 201.–202. gr., 211. gr., 2. mgr. 218. gr., 1. mgr. 220. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um dóm fyrir tilraun og hlutdeild í þeim brotum;

b. sýknaðir hafa verið af ákæru um brot gegn þeim laga-ákvæðum sem getið er í a-lið, þar með talin tilraunar- og hlutdeildarbrott, vegna skorts á sakhæfi, eða dæmdir hafa verið til að sæta öryggisráðstöfunum skv. VII. kafla almennra hegningarlaga fyrir sömu brott;

c. tilgreindir eru í a- og b-lið og afplána refsíðing upp-kveðinn fyrir gildistöku laga þessara, sæta öryggisráðstöfun-um eða hefur verið veitt reynslulausn og reynslutími er ekki liðinn.

□ Ekki má færa í kennslaskrá upplýsingar um önnur tilvik en greindir í 1. mgr. nema brýnar ástæður beri til og það hafi sérstaka þýðingu fyrir notagildi skrárinnar.

**■ 5. gr.**

□ Hafi líffýni ekki verið tekið úr einstaklingi áður en fulln-aðardómur gengur er heimilt að gera það innan sex mánaða frá uppkvaðningu dóms.

□ Töku blóðsýnis annast lækni, hjúkrunarfræðingur eða meina-tækni. Dómfella er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg vegna töku líffýnis.

**■ 6. gr.**

□ Þegar upplýsingar um einstakling hafa verið skráðar á grundvelli 4. gr. ber ríkislögreglustjóra að tilkynna honum skriflega um skráninguna og tilgang hennar.

**■ 7. gr.**

□ Upplýsingar sem skráðar hafa verið í kennslaskrá skal afmá:

a. eigi síðar en tveimur árum eftir andlát hins skráða,  
b. eigi síðar en sex mánuðum eftir að hinn skráði hefur verið sýknaður eftir endurupptöku máls,  
c. þegar ljóst er að þær eru rangar eða hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar.

□ Upplýsingar sem skráðar hafa verið í sporaskrá skal afmá:

a. þegar kennsl hafa verið borin á þann sem upplýsing-arnar stafa frá,  
b. við fyrningu brots sem um er að ræða.

**■ 8. gr.**

□ Eftirtöldum yfirvöldum má veita aðgang að upplýsingum úr skránni:

a. lögreglustjórum, ríkissaksóknara, [ráðuneytinu],<sup>1)</sup>  
b. erlendum dómstólum og erlendum dómsmálayfirvöld-um þegar upplýsingar á að nota við rannsókn eða meðferð sakamáls, enda verði það talið samrýmanlegt íslensku réttar-skipulagi,

c. rannsóknarstofu sem annast greiningu erfðaeftnis sam- kvæmt þjónustusamningi við [ráðuneytið],<sup>2)</sup> að því marki sem nauðsynlegt er vegna rannsóknar eða meðferðar saka- máls.

□ Öðrum en þeim sem getur í 1. mgr. er ekki heimilt að veita aðgang að skránni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 328. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 169. gr.

**■ 9. gr.**

□ Persónuvernd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð skráðra upplýsinga sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Per- sónuvernd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi skrár- innar sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að henni eða geti haft áhrif á skráningu í hana.

□ Persónuvernd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með erfða- eftisskrá.

□ Nú gerir Persónuvernd athugasemdir við starfrækslu skrárinnar og skal hún þá koma þeim og tillögum um úr- bætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og [ráðuneytið].<sup>1)</sup> Að öðru leyti fer um heimildir Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og [vinnslu]<sup>2)</sup> persónuupplýsinga.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 169. gr. <sup>2)</sup> L. 90/2018, 54. gr.

**■ 10. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur nánari ákvæði í reglugerð<sup>2)</sup> um fram- kvæmd laganna, þar á meðal um færslur í skrána, aðgang að henni og eftirlit.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 328. gr. <sup>2)</sup> Rg. 748/2008.

**■ 11. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.